

Hr. Bjarni Benediktsson
Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 4.mars 2020

Efni: Tillaga um sölu á að lágmarki fimmtungs hlut í Íslandsbanka hf.

Bankasýsla ríkisins leggur hér með fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra í samræmi við ákvæði i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Tillagan er eftirfarandi:

Að selja að lágmarki fimmtungshlut (20%) í Íslandsbanka hf. í samhliða sölufarli, þar sem aðallega verður stefnt að skráningu eignarhluta á skipulegum verðbréfamarkaði í kjölfar almenns útboðs (útboðsleið) og til hliðar beinni sölu á hluta eða öllum eignarhlut ríkisins í bankanum (uppboðsleið).


Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum er ráðherra heimilt að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. að fenginni heimild í fjárlögum og að fenginni tillögu frá Bankasýslu ríkisins. Alþingi samþykkti þann 27. nóvember 2019 fjárlög fyrir árið 2020 en þar er að finna í ákvæði 6. gr. laganna heimild til slíkrar sölu.


Með tillögu þessari eru skilyrði laga nr. 155/2012 fyrir söluheimild því uppfyllt.


Um nánari rökstuðning fyrir tillögunni vísar Bankasýsla ríkisins til skýrslu stofnunarinnar, dags. 4. mars 2020, *Eignarhald og sala á Íslandsbanka hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð.*

Virðingarfyllst,


Láraus L. Blöndal, formaður stjórnar


Margrét Kristmannsdóttir,
varaformaður


Vilhjálmur Bjarnason, meðstjórnandi


Jón G. Jónsson, forstjóri